

# STARFSLEYFI

*Framleiðsla á bleikju og sláturhús til eigin nota*

**Náttúra fiskirækt ehf.**  
Sveitarfélaginu Ölfus,  
Laxabraut 5, Þorlákshöfn  
Kt.: 421111-1380

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Náttúru fiskirækt ehf. kt. 421111-1380, til reksturs fiskeldisstöðvar að Laxabraut 5, Þorlákshöfn. Náttúra fiskirækt ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í stöðinni árlega allt að 1.200 tonn af bleikju. Einnig er heimilt að reka á staðnum sláturhús til eigin nota á eldisstað.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisstofnun er heimilt að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlits faggiltum skoðunaraðilum í samræmi við heimildarákvæði í 24. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4.mgr. 7.gr. í reglugerð nr. 786/1999.

Viðbótareftirlit getur farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

### 1.4 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulag. Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir).

Besta fánlega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu fánlegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

## 1.5 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

## 1.6 Gangsetning og stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og efnum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en 1. maí 2014. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun um

meðhöndlun eldisfisksins sbr. ákvæði greinar 4.5, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri stöðvarinnar.

Tilkynna skal eftirlitsaðila strax um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri.

## 1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

Endurskoðun starfsleyfis getur einnig komið til vegna meiri mengunar en gert var ráð fyrir sbr. grein 1.7.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

## 1.8 Breyttar forsendur

Ef eftirfarandi aðstæður skapast

i. mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins,

ii. fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir,

iii. breytingar verða á bestu fáanlegu tækni,

getur útgefandi starfsleyfis krafist endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

## 1.9 Valdsvið og þvingunarúrræði

Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik eða hættu.

## 1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði XI. kafla reglugerðar nr. 785/1999, og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við VI kafla reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður skv. grein 1.3 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast í upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS FÓÐURGJÖF

### 2.1 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

### VATNSGÆÐI OG LÍFRÍKI

### 2.2 Eldisvatn

Rekstraraðili skal sjá til þess að eldisvatnið uppfylli kröfur til fiskeldis. Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er.

### 2.3 Efnalosun

Losun fosfórs í frárennslis má ekki fara yfir 14,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

### 2.4 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Um losun og frágang við útrás frárennslis gildir reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennslis í því og það renni greiðlega til sjávar. Viðunandi rennslis einkennis af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslis sé viðunandi.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur
- Frárennslisverði lengt undir brún sjávarkambs eða neðar
- Frárennslisvatn verði vel hreinsað, til dæmis með tromlusúsum
- Rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum greinar 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. greinar 2.6 og 2.7, má ekki vera:

- Set eða útfellingar
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir)
- Olía eða froða
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

### 2.5 Lífríki og flokkun vatns

Fiskeldi má ekki valda fækkun tegunda í lífríki, sbr. þó grein 2.8. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Skilgreina skal svæði sem viðkvæmt vatnasvæði ef ástand vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. grein reglugerðar nr. 796/1999. Eigi þetta við skal meta hvort endurskoða skuli starfsleyfið, sbr. greinar 1.6 og 1.7.

## 2.6 Frárennsli frá sláturhúsi

Frárennsli frá sláturhúsi skal hreinsað fyrir losun í viðtaka. Hreinsunin skal að lágmarki miðast við hreinsun með sigti og notkun fituskilju eða sambærilega tækni.

## 2.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

## 2.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög um veiðar og dýravernd.

## ÚRGANGUR

### 2.9 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það fer í frárennsli. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 2.10 um lífrænan úrgang.

### 2.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

### 2.11 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðili er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

## ANNAÐ

### 2.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 4.4.

## 3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

### 3.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 4.4.,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- teikningar af frárennsli,
- niðurstöður mælinga,
- losun næringarefna,
- tæmingu olúgildra,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði.

### 3.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður því er veitt til sjávar. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

### 3.3 Sýnataka úr frárennsli og losun næringarefna

Taka skal sýni og mæla svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD<sub>5</sub>) í frárennsli. Fyrsta mælingin skal fara fram fyrir 1. maí 2014, næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2015 og síðan skal gera mælingar á a.m.k. þriggja ára fresti. Fylgjast skal með losun næringarefna, þ.e. fosfórs og köfnunarefnis með því að reikna hana út frá innihaldi fóðurs og upptöku næringarefna í eldinu. Umhverfisstofnun getur einnig farið fram á mælingar á heildarfosfór og heildarköfnunarefni.

### 3.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 2.5.

### 3.5 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, en heimilt er að sameina skilin ársyfirliti sbr. gr. 3.4. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

## 4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMARMIÐ

### 4.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir 1. október 2014 og endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti.

### 4.2 Samskipti

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

### 4.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS), eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

### 4.4 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðunandi viðbragðsáætlun skal fullnægja skilyrðum í lögum nr. 33/2004 og vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

### 4.5 Neyðaráætlun

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar.

Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

### 4.6 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað gripið til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Tilkynna skal um slík tilvik, önnur óhöpp eða slys í samræmi við viðbragðsáætlun sbr. grein 4.4.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

#### 4.7 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

#### 4.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

## 5. UMHVERFISVÖKTUN

### 5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Rekstraraðili skal leggja fram drög að vöktunaráætlun fyrir 1. maí 2014. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar.

Taka skal mið af bæklingi Umhverfisstofnunar, „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður.

Umhverfisstofnun er heimilt að samþykkja með samkomulagi við rekstraraðila að dregið sé úr skyldum varðandi umhverfisvöktun gegn því að hreinsun á fráveitu sé aukin.

### 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

## 6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 3. eftirlitsflokk samkvæmt grein 11.c í fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2029.

Reykjavík 14. maí 2014

Kristín Linda Árnadóttir  
forstjóri

Sigrún Ágústsdóttir  
sviðsstjóri



## VIÐAUKI

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en 1. maí 2014, sbr. grein 1.5
- Skv. grein 3.3 skal fyrsta mælingin á frárennsli fara fram fyrir 1. maí 2014, næstu mælingu skal lokið fyrir árslok 2015 og mælingar eftir það vera á a.m.k. þriggja ára fresti
- Taka skal saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert skv. grein 3.4
- Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skal skila í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða
- Umhverfismarkmið skv. grein 4.1 skulu liggja fyrir skulu liggja fyrir 1. október 2014 og endurskoðuð á fjögurra ára fresti
- Skila skal drögum að neyðaráætlun skv. grein 4.5 fyrir 1. maí 2014, ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kemur
- Drög að vöktunaráætlun skulu lögð fram fyrir 1. maí 2014, sbr. grein 5.1

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## FYLGISKJAL

### Ákvörðun tiltekinna ákvæða starfsleyfisins og losunarmarka:

- i. Umhverfisstofnun hefur í grein 2.3 sett viðeigandi losunarmörk á fosfór í frárennsli (14,0 kg/tonn af framleiddum fiski). Samkvæmt ákvæðum greinar 7.2 í reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, er slík losun eingöngu heimil ef hún er byggð á heimild í starfsleyfi og að í leyfinu séu sett losunarmörk. Ákvörðun markanna byggist á almennu mati á viðtaka og umfangi starfseminnar.
- ii. Skilyrði um útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka í grein 2.4 eru samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1A. í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.
- iii. Mælingar á lífrænu efni í grein 3.3 eru til upplýsinga en ekki til að uppfylla losunarmörk. Mælingarnar geta mögulega nýst í tengslum við útstreymisbókhald, sbr. grein 3.5.